
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



1 Árg. 6 tbl. ágúst 2021

Frá afréttamálanefnd Gnúpverja

Skaftholtsréttir eru haldnar á þeim föstudegi sem lendir innan daganna 10.-16. september. Nú í ár eru þær því mjög snemma, eða **föstudaginn 10. september**.

Þeir sem ætla að sækja um leit á Gnúpverjaafrétti í haust hafi samband við Lilju í síma 847-8162 fyrir 19. ágúst næstkomandi.

Breytt fyrirkomulag verður á eftirsafni í ár. Farið verður af stað miðvikudaginn 15. september og komið heim sunnudaginn 19. september. Möguleg seinkun verður á eftirsafni ef veður verður óhagstætt.

Hér fyrir neðan er hægt að sjá hve marga smala þarf hvern dag í eftirsafni og hægt er að sækja um í samræmi við það.

Miðvikudagur 15. sept – 5 fjallmenn – Bjarnalækjabetnar
Fimmtudagur 16. sept – 5 fjallmenn, 2 hjól – Bjarnalækjabetnar
Föstudagur 17. sept. – 5 fjallmenn – 2 hjól – Gljúfurleit
Laugardagur 18. sept – 9 fjallmenn – 2 hjól – Hólaskógur
Sunnudagur 19. sept. – 6 fjallmenn – 2 hjól

Afréttamálanefnd

Ærslabelgur í Brautarholti

Ungmennafélag Skeiðamanna festi kaup á ærslabelg fyrir í sumar og hefur hann nú verið settur niður við hliðina á Skeiðalaug í Brautarholti. Mikil vinna felst í að grafa svona stóran belg niður fastann og fékk félagið mikla aðstoð frá íbúum í sveitarfélaginu. Enn á eftir að klára svolíttinn frágang í kring um belginn en um leið og allt er komið verður haldin opunarhátíð og íbúum sveitarfélagsins boðið að koma og prófa belginn og þiggja veitingar með. Belgurinn verður svo opinn frá 1. maí - 1. september frá klukkan 10:00 - 22:00.

Ungmennafélag Skeiðamanna þakkar íbúum sem komu að framkvæmdum í kring um belginn kærlega fyrir og hlökkum til að sjá sem flesta á opunarhátíð sem verður auglýst fljótlega í ágúst.





Fréttir úr Áshildarmýri

Þann 10. júlí s.l. héldum við Áshildarmýrardaginn hátíðlegan í 2. sinn og mættu nú um 90 manns. Leiðsögumaður var Kjartan frá Löngumýri og færum við honum bestu þakkir fyrir en hann lagði áherslu í erindi sínu að þekka fjöllin sem við sjáum daglega úr mýrinni.

Í fyrra var stofnað félag lóðareigenda í Áshildarmýri og er það tilgangur félagsins að sjá um allt það sem er sameiginlegt svo sem vegir, girðingar, öryggismál og margt fleira. Í vor hófst vinna við að skoða brunahana og kom maður frá Brunavörnum Árnessýslu til að skoða aðstæður. Nú seinni hluta sumars verða settir niður 2 brunahanar og getur slökkviliðið þá haft aðgang að vatni til að fylla á tankbílum ef bruni verður ofar í sveitinni.

Í fyrra og nú í ár hefur verið fjör í Áshildarmýrinni. Við fengum til okkar nokkra ábúendur úr Þjórsárdalnum en fólkinu var gert að taka hjólhýsin sín, pallana og gróðurinn í burtu. Nokkrir keyptu lóðir í Áshildarmýrinni og eru þau þessa dagana að koma sér fyrir og nú þegar eru nokkur þeirra að undirbúa byggingu sumarhúsa og/eða gestahúsa. Sumir byrja smátt og stækka svo við sig og aðrir ætla sér að byggja hús á staðnum og enn aðrir að kaupa tilbúið hús sem verður flutt á staðinn. Okkur hefur borist til eyrna að sveitungar segi að það sé kominn hjólhýsagarður í Áshildarmýrina og vissulega lítur það svolítið út þannig núna. En þeir sem eru að undirbúa sig núna þurfa aðstöðu á staðnum og því vel skiljanlegt að þau haldi í hjólhýsin sín á meðan. Allmargir hafa verið að vinna púða og í leiðinni að setja niður rotþrær, tengja inn vatn, bæði kalt og heitt og í leiðinni er lagt fyrir ljósleiðara. Allir eru að gróðursetja og virkilega gaman er að fylgjast með fólkinu í hreiðurgerðinni.

Nú nýlega var samþykkt í sveitarstjórn nýtt deiliskipulag fyrir Áshildarveg 2-26 en fyrir var búið að samþykkja lóðirnar 1-35. Í þessu deiliskipulagi eru þessar lóðir orðnar íbúðarlóðir og ef húsbyggingin uppfyllir skilyrði sem íbúðarhús getur fólk skráð sig til heimilis við Áshildarveg. Allar þessar lóðir eru seldar.

Syðri hluti Áshildarmýrarinnar er því orðið íbúðarhverfi. Góð viðbót við þéttbýliskjarna sveitarfélagsins.

Nú þegar eru 15 hús komin við Áshildarveginn en þau uppfylla ekki öll skilyrði til búsetu. Væntanleg eru 3 hús til viðbótar í mýrinni.

10 eigendur í mýrinni eru að vinna að teikningum og munu nota veturinn til að klára það ferli. Það verða því mörg hamarshöggin sem við heyrum næsta sumar. Vitað er um 5 lóðareigendur sem eru að skoða hús og teikningar en ekki búnir að taka ákvörðun.

Gera má ráð fyrir að mikil breyting verði á ásýnd Áshildarmýrar á næstu 5 árum og gaman verður að fylgjast með framþróuninni.

Bestu kveðjur
Hlynur



Myndir frá
Áshildarmýrardegnum þann 10.
júli sl. – Gestir að gæða sér
veitingum og gestgjafarnir,
Sigríður og Hlynur.



Af sveitarstjórnarfundi 11. ágúst

Sorpútboð – Samningur við Íslenska Gámafélagið rennur út núna í haust. Uppsveitir Árnessýslu hafa sameiginlega unnið að undirbúningi útboðs fyrir sorphirðu. Opnunarfundur tilboða var haldinn þann 8. júlí sl. 4 tilboð bárust og átti Íslenska Gámafélagið lægsta tilboðið í sorphirðu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjóra var falið að ganga til samninga við félagið um sorphirðu í sveitarfélaginu.

Fráveituframkvæmdir við Skólabraut – Framkvæmdirnar snúast um lagningu fráveitu,-vatnsveitu,- og ljósleiðararöra við Skólabraut í Árnesi. Tvö tilboð bárust í verkið; annars vegar frá Nesity ehf. og hins vegar frá Ólafsvöllum ehf. Ólafsvellir ehf. voru með lægra tilboð og var sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Ólafsvelli ehf.

Drög að nýrri gjaldskrá gatnagerða gjalda lögð fram til fyrstu umræðu. Drögunum vísað til annarrar umræðu á næsta sveitarstjórnarfundi.

Drög að nýjum reglum um úthlutun lóða í Skeiða og Gnúpverjahreppi lagðar fram til kynningar.

Nýjar reglur um skólaakstur lagðar fram. Þeim var vísað til skólanefndar. Einnig var lagður fram nýr samningur við skólabílstjóra.

Lögð var fram tillaga um að leggja á leikskólagjöld í Leikholti að upphæð 15.000 kr fyrir fulla vistun. Gunnar Örn lagði fram eftirfarandi bókun: *Ég tel að sú ákvörðun að hafa gjaldfrjálsan leikskóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafi á undanförunum árum meðal annars stuðlað að jákvæðri íbúaþróun í sveitarfélaginu. Gjaldfrjáls leikskóli vegur einnig upp á móti kostnaði foreldra sem lengst búa frá leikskólanum en í mörgum tilfellum er þar um verulegan kostnað að ræða. Jóna Yngvi tók undir bókun Gunnars.*

Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum og einu mótatkvæði en einn sat hjá við afgreiðslu málsins.

Umsókn um lóðir í Brautarholti lögð fram. Vörðufell ehf. óskaði eftir tveimur einbýlishúsalóðum og að þeim lóðum yrði breytt í skipulagi yfir í raðhús með þremur íbúðum. Sveitarstjórn taldi ekki hægt að veita vilyrði fyrir lóðum í Brautarholti þar sem núna er unnið að deiliskipulagi.

Samningur vegna landgræðsluvæða og girðinga á Hafinu: Landgræðslan hyggst með samningnum afhenda landgræðsluvæði á Hafinu til Skeiða- og Gnúpverjahrepps gegn ákveðnum skilyrðum er lúta að viðhaldi girðinga og beitarstýringu á svæðinu.

Niðurstöður ryksýna í Brautarholti sýna að framkvæmdir við Leikskólann hafa tekist vel og ekki greindist í sýnunum hættuleg mygla. *Sveitarstjórn sendi þakkir öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við framkvæmdirnar sem og starfsfólki, börnum og foreldrum barna á leikskólanum fyrir þolinmæði í þessu verkefni.*

Sjóðstreymisáætlun fyrir tímabilið ágúst – september var lögð fram og lagði sveitarstjóri til að yfirdráttarheimild, sem nú er 60 milljónir, verði framlengd óbreytt um 3 mánuði. Var það samþykkt.

Anna Sigríður lagði fram ósk um íbúafund með eftirfarandi erindi: *Ég legg til að sveitarstjórn óski eftir opnum fundi þar sem Landsvirkjun sitji fyrir svörum, m.a. er varðar umsókn um virkjanaleyfi vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunnar. Þá að kölluð sé til lögfróð manneskja í skipulagsmálum til að fara yfir stöðu mála m.a. rétt og skyldu sveitarstjórnar og sveitarfélagsins í þessum efnum og ferlum í skipulagsmálum.*

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða og fól sveitarstjóra og oddvita að undirbúa íbúafund.

Allmörg fleiri mál voru tekin fyrir á fundinum og er fundargerðin í heild sinni aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, ásamt fylgigögnum.

Viðgerðir á brú

Frá 12. júlí sl. hefur Gnúpverjavegur verið lokaður frá Hælsvegi og að Heiðarbraut vegna viðgerðar á gömlu brúnni yfir Kálfá. Báðir endastöplar brúarinnar voru farnir að gefa sig svo nú er unnið að því að steypa nýja stöpla. Stefnt er að því að þessum framkvæmdum ljúki í lok ágúst.

